

## Fundargerð

### 171. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs haldinn á skrifstofu sjóðsins

Priðjudaginn 2. október 2012 kl. 12<sup>00</sup> – 14<sup>00</sup>.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGP), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.  
Bryndís Skúladóttir (BS)  
Guðfinnur G. Johnsen (GGJ)(fjarverandi) Guðlaugur G. Sverrisson (GGS), fundarritari.  
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)  
Halldór Haraldsson (HH)  
Bryndís Gunnlaugsdóttir (BG)

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar
- (2) Rekstur janúar – ágúst 2012
- (3) Rekstraryfirlit og áætlun 2010 - 2015
- (4) Lagabreytingar
- (5) Endurvinnsla rafhlaðna
- (6) Breytingar um lagaákvæðum um raftæki
- (7) Fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2013
- (8) Ráðstöfunaraðilar
- (9) Önnur mál

#### 1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar (170. fundar).

#### 2. Rekstur janúar – ágúst 2012

Lagt var fram yfirlit yfir rekstur vörflokka fyrstu sjö mánuði ársins auk stöðu sjóða um síðustu áramót.

#### 3. Rekstraryfirlit og áætlun 2010 - 2015

Lagt var fram á fundinu rekstraryfirlit og endurkoðuð áætlun 2010 – 2015. Í áætluninni koma fram tillögur um breytingar á úrvinnslugjaldi. ÓK fór yfir áætlunina. Umræðu frestað til næsta fundar.

#### 4. Lagabreytingar

Lagt fram minnisblað af fundi með fulltrúum umhverfis- og auðlindaráðuneytis (UAR) um hugsanlegar lagabreytingar í haust, t.d. breytingar á úrvinnslugjaldi (sjá hér að ofan). ÓK fór yfir minnisblaðið. Einnig var rætt um upplýsingaskyldu Úrvinnslusjóðs sé leitað eftir upplýsingum af einstaklingum og fyrirtækjum um málefni sjóðsins. Rætt var við fulltrúa ráðuneytis um álagningu á gler- og málmumbúðir aðrar en drykkjarvöruumbúðir, skráningu á innflutningsaðila á rafhlöðum sem Úrvinnslusjóður á að halda. Farið var yfir lagalegan rétt stjórnar Úrvinnslusjóðs til að ákvarða innihald skilmála vegna meðhöndlunar á úrgangi.

## **5. Endurvinnsla rafhlaðna**

Brúnkolsraflöður hafa verið urðaðar til þessa. Lagt var fram minnisblað um erindi þjónustuaðila þar sem óskað er eftir hærri ráðstöfunargreiðslu enda verði tryggt að rafhlöðurnar fari í endurvinnslu. GGS fór yfir málið. Óskað eftir frekari úttekt á kostnaði við meðhöndlun á rafhlöðum innanlands. Umræðum frestað til næsta stjórnarfundar.

## **6. Breytingar um lagaákvæðum um raftæki**

ÓK fór yfir það að UAR ætlar að breyta lagaákvæðum um raftæki í haust. Fyrir liggur óformleg niðurstaða eftir fundi með fulltrúum ESA um að svokölluð úrvinnslusjóðsleið geti gengið enda verði tryggt að framleiðendur geti stofnað skilakerfi við hlið sjóðsins.

## **7. Fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2013**

Lagðar voru fram tölur og skýringar um fjárlagatillögur fyrir Úrvinnslusjóð. ÓK fór yfir helstu niðurstöður.

## **8. Ráðstöfunaraðilar**

Lögð var fram ósk XXXXX í umboði Hringrásar um að gerast ráðstöfunaraðili samkvæmt skilmálum Úrvinnslusjóðs fyrir endurnýtingu umbúða úr pappa og pappír, endurnýtingu umbúða úr plasti og fyrir heyrúlluplast.

*Samþykkt.*

## **9. Önnur mál**

BG kom á framfæri óskum aðila á markaði um lengri aðdraganda að breytingum á greiðslum Úrvinnslusjóðs. Fyrirtæki hefa gert samninga til lengri tíma um greiðslur til handahafa úrgangs.

Næsti fundur ákveðinn 16.október 2012.

Fundi slitið kl 14:00